



Pési

Næsti Pési kemur út
16.apríl. 2015. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
13.apríl. 2015.

Fræðslunetið
Símenntun á Suðurlandi

SKEMMTILEGT NÁMSKEIÐ

Handmálun og spaði I - 5 stundir

REYKHOLT

- Hvar** Bláskógskóli, Reykholti
- Hvenær** Miðvikudagur 25. mars kl. 18-21.30
- Leiðbeinandi** Þorbjörg Óskarsdóttir (Tobba listamaður)
- Fjöldi** Lágmark 8, hámark 15
- Verð** 13.900, allt efni innifalið í verði
- Innritun** Í síma 560 2030 og <http://fraedslunet.is>



Spennandi námskeið fyrir alla þá sem langar að læra að mála með olíulitum á einfaldan máta. Tobba er búin að þróa afar skemmtilega aðferð þar sem þátttakendur nota spaða og hendur við að mála falleg málverk.

Allir fá að spreyta sig og mála sína eigin mynd. Að loknu námskeiði fara þátttakendur heim með fullunnið málverk að stærð 80x20. Allt efni er innifalið bæði litir og blindrammar á striga. Hentar bæði vönum og óvönum.

Nýtið ykkur þetta einstaka tækifæri.

Kökubasar

Kökubasar verður í versluninni Samkaup á Flúðum, skírdag kl. 12-16. Basarinn er liður í fjáröflun 9. bekkjar, en þau fara í námsferð til Danmerkur í haust.



Bingó- bingó-bingó- páskaeggjábíngó.

Verður haldið í Félagsheimili Hrunamanna mánudagskvöldið 23.mars.

Bingóið er liður í fjáröflun 9.bekkar vegna Danmerkurferðar á haustdögum 2015.

Páskaegg af öllum stærðum og gerðum fljóta um félagsheimilið.

Sjoppa verður á staðnum .

Sjáumst sem flest. 9.bekkingar Flúðaskóla.



Mars 2015
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

25. árgangur.
291 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Marsmánuður runninn upp en það verður að segjast að það er seigla í vetrinum. Sem sagt, ekki skortir tilefni fyrir vinsælasta umræðuefnið á kaffistofum landsins þó vart verði sagt að við eigum að væla mikið út af vetrinum miðað við suma. Það var nú ekki fjallað mikið um veðrið á hjónaballinu góða um síðustu helgi. Kannski verður veðrið bara svona gott í þessum Norður-Kóreuhræppi sem hin ágæta hjónaballsnefnd upplýsti okkur um.

Nú hefur verið skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefndina og varð Erna Óðinsdóttir fyrir valinu. Þá hefur einnig verið skipaður ruslamálaráðherra fyrir 2015 og ráðherratilinn hlaut þetta árið hann Óskar Rafn Emilsson. Ég hlakka til samstarfsins við þessa ágætu einstaklinga um þessi góðu og þörfu málefni.

Það er ánægjulegt að nú er verið að klára mál til að Límtré Vínnet geti komið upp nýju húsi fyrir nýja steinullarlínu fyrirtækisins á Flúðum. Það verður að segja að þar stóð smá barátta milli Suðurlands og Borgarness en sem betur fer fyrir svæðið var niðurstaðan þessi enda við sannfærðir um að þetta er best og hagkvæmasti kosturinn fyrir fyrirtækið. Þetta getur reyndar haft þau áhrif að starfsstöð fyrirtækisins í Reykholti verði lokað, en á hinn bóginn er þetta sama atvinnusvæðið og án efa verður einhver starfssemi í því húsnæði líka.

Ergo, Uppsveitir standa sterkari eftir.

Það má segja að þetta mál sem og önnur atvinnumál blandist vel vinnunni við að móta atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið. Nú er sú vinna á lokasprettinum. Vinnan við atvinnustefnuna er góð annars vegar til að rýna í styrkleika og veikleika í möguleikum sveitarfélagsins og hins vegar til að gera áætlanir til að gera betur.

Sveitarfélögin í Uppsveitum og Flóa hafa gert samning við Landgræðsluna um samstarf vegna nýtingu seyru til landgræðslu. Þar er sérstaklega tilgreind landgræðslugirðingin á Hrunamannaafretti en önnur landgræðslusvæði í öðrum sveitarfélögum gætu einnig komið inn síðar. Það verður spennandi að sjá hvernig til tekst að þróa þetta verkefni áfram með nýrri vinnsluáferð á seyru. Hrunamannahreppur hefur góða reynslu af samstarfi við Landgræðsluna en á síðasta ári lauk þriggja ára tilraunverkefni okkar með henni út af eldra verkefni. Það má segja að nú sér verið að færa verkefnið á stærra plan.

Hrunamannahreppur er núna að skoða möguleika þess að koma upp unglingaráði í sveitarfélaginu. Það væri æskilegt að hægt sé að búa til vettvang til að koma að sjónarmiðum fleirri hópa samfélagsins til skila með það að markmiði að búa til betra samfélag fyrir alla.

Ég vil óska Vínbúðinni á Flúðum til hamingju með að hafa í enn eitt sinnið hlotið hnossið „Vínbúð ársins“ Spurning hvað er í vatninu hjá þeim? Einnig vil ég vekja athugli á því að skv. lista Creditinfo um fyrirmyndafyrirtæki 2014 voru tvö fyrirtæki í Hrunamannahreppi sem komust á þann lista. Annars vegar Flúðasveppir og hins vegar Minkabúíð að Ásgerði II. Til hamingju með það og til eftirbreytni fyrir aðra.

Við getum líka montað okkur af fleiru. Það er fróðlegt að sjá samantekt Orkustofnunar um gjaldskrár hitaveitna á landinu. Skv. þeim lista er Hitaveita Flúða með lægstu töxtum á landinu í öllum verðflokkum. Við megum því vera stolt af þessu fyrirtæki okkar allra sem hjálpar til við að það séu góð skilyrði fyrir fólk og fyrirtæki í Hrunamannahreppi.

Sveitarfélagið hefur samþykkt að gera nýjan samning við Grænna Land um slátt og hirðingu opinna svæða á Flúðum. Það er ánægjulegt að geta haldið því góða samstarfi áfram en ljóst er að verkefni á þessu sviði eru alltaf að aukast með nýjum svæðum sem þurfa góða umhirðu. Þá hefur sveitarfélagið líka endurnýjað samning við hestamannafélagið Smára um stuðning vegna reiðvega í sveitarfélaginu en mikil þörf er á að halda því góða starfi áfram.

Nú er komin heilmikil mynd á stækkun íþróttahússins en verkið gengur vel og er á áætlun. Farið er að vinna í húsinu á fullu innanhúss en búið að ákveða að íþróttahúsinu verði lokað frá og með 11. maí n.k. en þá eiga parketkallarnir að mæta í húsið. Það er ljóst að þetta er heilmikil framkvæmd og kostnaðarsöm. Sveitarfélagið hefur verið í góðu samstarfi við UMFH og deildir félagsins hvernig hægt sé að koma því þannig fyrir að húsið verið vel búið tækjum og tólum. Ljóst er að sveitarfélagið og UMFH þarf hjálp samfélagsins og velunnara til að svo takist með sóma og vonandi sjá margir sé fært að styrkja það með einhverjum hætti eða nýta sér tækifæri til að auglýsa sig eða sín fyrirtæki í húsinu.

Eitt vil ég minna foreldra á sem eru að koma með börn á æfingar í íþróttahúsinu á Flúðum. Vandræði geta skapast bæði fyrir starfsfólk og þá sem stjórna íþróttæfingum að börn, sérstaklega yngri hópurinn, bíði lengi í stórum hópum í íþróttahúsinu fyrir æfingar en það hefur skapað vandamál innanhúss. Vil biðja foreldra ef þess er nokkur kostur að virða þau tímamörk að börn eigi ekki að jafnaði að mæta í íþróttahúsið fyrr en um 15 mín. áður en æfing hefst.

Ég vil síðan að lokum óska okkur öllum góðrar tíðar.

Jón G. Valgeirsson



HRUNAPRESTAKALL

Frá sóknarpresti

Framtíðin er björt í Hrunaprestakalli. Það sáum við glöggt í messu unga fólksins 1. mars sl. í Hrunakirkju. Þar bar unga fólkið okkar, nemendur úr 9. og 10. bekk Flúðaskóla, uppi messuna frá upphafi til enda. Fjölbreyttur og vel fluttur söngur og undirleikur, kjarnyrtar ræður um unga fólkið og kirkjuna, eldri borgara og viðhorf fólks til unglunga og svo hin óborganlega stuttmynd: Dansinn í Hruna. Óskir, draumar og bænir unga fólksins voru falin í alla vega litar blöðrur sem síðan var sleppt upp í háloftin að messu lokinni. Ég vil þakka þessu hæfileikaríka og skapandi unga fólki fyrir þeirra frábæra framlag í messunni. Einnig skulu þakkir fluttar Karli og Stefáni úr Tónsmíðjunni og Báru umsjónarkennara í 10. bekk fyrir alla þeirra vinnu í undirbúningnum.

Framundan er hefðbundið helgihald um páska:

3. apríl – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphóla­kirkju frá kl. 13 til 17 (17:30). Kaffiveitingar í safnaðarheimili á meðan á lestri stendur.

5. apríl – páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og morgunkaffi í safnaðarheimilinu á eftir. Hátíðarmessa í Hrepphóla­kirkju kl. 11 og hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

6. apríl – annar í páskum: Hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 11. Ferming. Að lokum minni ég á heimasíðu Hrunaprestakalls, hruni.is, þar sem finna má allar upplýsingar um kirkjustarfið.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverkaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Flúðleið Flúðum vantar bílstjóra.

Þjónustuaðili fyrir Eimskip og Samskip.
Vegna aukinna umsvifa og breytinga á akstursþjónustu
vantar okkur
Meiraprófsbílstjóra með trailerpróf.
Sendibílstjóra til útkeyrslu á vöru, meirapróf ekki
skilyrði.



Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, tala íslensku og vera líkamlega hraust/ur. Þarf að geta hafið störf ekki seinna en 7. apríl. Æskilegt að viðkomandi hafa búsetu í uppsveitum Árnassýslu, þar sem heimastöðin er Flúðir en það er þó ekki skilyrði. Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370 eða á

STARFSFÓlk ÓSKAST

Gamla laugin óskar eftir starfsfólki.
Ensku kunnátta nauðsynleg.
Nánari upplýsingar í síma
8610237 og
5553351.



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir



Vortónleikar Karlaekórs Hreppamanna.

Nú styttest óðum í okkar árlegu vortónleika. Við verðum óvenju snemma á ferðinni þetta árið enda finnst okkur að að við eigum það öll inni hjá veðurguðunum að það vori snemma í ár. Okkur er það mikill heiður að fá til liðs við okkur eina af fremstu sópransöngkonum landsins, Þóru Einaradóttur. Haldnir verða þrennir tónleikar:

Selfosskirkju 21. mars kl. 15:00

Félagsheimilinu á Flúðum 21. mars kl. 20:30

Guðríðarkirkju í Reykjavík 25. mars kl. 20:00

Hlökkum til að sjá ykkur,

Karlaekór Hreppamanna

Halló Halló!

Er að setja saman punkta um uppruna þéttbýlis á Flúðum fyrstu 50 árin 1929-1980.

Vantar afnot af gömlum myndum frá þessum tíma, landslag, framkvæmdir og fl.

Viljið þið gá? Örn Einarsson.

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Næstu sýningar í Árnosi á Heilsugæslunni eftir Lýð Árnason.

2. sýning miðvikudag	11. mars	kl. 20:00
3. sýning laugardag	14. mars	kl. 20:00
4. sýning sunnudag	15. mars	kl. 14:00
5. sýning sunnudag	15. mars	kl. 20:00
6. sýning miðvikudag	18. mars	kl. 20:00
7. sýning föstudag	20. Mars	kl. 20:00
8. sýning laugardag	21. Mars	kl. 20:00
9. sýning sunnudag	22. Mars	kl. 14:00
Lokasýning, laugardag	28. Mars	kl. 17:00

Léttar veitingar seldar í hléi

Almennt miðaverð:	2.200,-
12 ára og yngri	1.700,-
Eldri borgarar	1.700,-
Öryrkjar	1.700,-
Leikskrá	200,-



Lýður Árnason leikstjóri og
höfundur Heilsugæslunnar, fyrir
miðju, ásamt leikendum

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er **480 5112**

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

í Reiðhöllinni á Flúðum

SMÁRI



7. mars Þrígangur - barnaflokkur
Fjórgangur - unglíngaflokkur

11. apríl Fjórgangur, tölt - barnaflokkur
Fímmgangur, tölt - unglíngaflokkur

9. maí Smali - barnaflokkur
Smali, skeið – unglíngaflokkur



Styrktaraðilum Uppsveitadeildar æskunnar er þakkaður stuðningurinn



nettó
ódyrt fyrir heimilið!



STEINSHOLT

Garðyrkjastöðin Melar



FRÍÐHEIMAR



Lionsklúbburinn Dynkur vinnur að útgáfu símaskrár fyrir Hrunamanna-, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Auk auglýsinga gefst einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri til þess að auðkenna nafn sitt með rauðri feitletrun. Verð fyrir þetta auðkenni er kr. 8.000,-. Þeir sem vilja nýta sér þetta skulu senda upplýsingar um það á netfang Lionsklúbbsins, lionsklubburinn.dynkur@gmail.com.

Símaskráin mun koma út í byrjun maí. Hér má sjá sýnishorn af því hvernig auðkenni kemur fram í símaskránni.

Bjarni Gunnlaugur Bjarnason	Skeiðaholti 3	845 2998	Dóra Björk Práandardóttir	Práandarholti 2	772 17
Bjarni Hlynur Ásbjörnsson	Hraunbrún	893 5512	Dvalarheimili aldraðra	Blesastöðum	486 55
Bjarni Másson	Háholti	862 4917	Eggert Jóhannesson	Kálfhóli I	486 55
Bjarni Rúnarsson	Reykjum	690 0722			864 17

FEH - OPIÐ HÚS

Opið hús hjá Félagi eldri Hrunamanna verður **miðvikudaginn 18. mars kl. 14:00 á Hótel Flúðum** (ath. breyttan fundarstað).

Kær kveðja,
stjórnin

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna

Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna verður **miðvikudaginn 8. apríl kl. 14:00 í Félagsheimili Hrunamanna.**

Á dagskrá verða almenn aðalfundarstörf, lagabreyting, kosningar og önnur mál.

Bestu kveðjur,
stjórnin

Til verðandi leikskólaforeldra

Þeir sem hafa hug á því að sækja um vistun fyrir barnið sitt næstu önn ágúst-desember 2015 vinsamlegast leggið inn umsókn **fyrir 1. apríl.**

Hægt er að sækja um undanþágu frá 12 mánaða aldri

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í leikskólanum og á heimasíðu leikskólans undraland.is

Senda má umsóknina í töluvpósti á netfangið halldora@undraland.is

Gjaldskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans

Vistunar- og dvalarreglur eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Með kveðju Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri.

Fréttir frá kvennaliði Hrunamanna í blaki

Í vetur hefur kvennablakið verið á sínum stað en þetta er fjórða árið sem æfingar hafa verið í íþróttahúsinu á Flúðum. Það eru um 20 konur sem hafa mætt á æfingar í vetur og hefur Árni Þór séð um að þjálfa eins og í fyrra. Æft er tvisvar í viku.

Við höfum reynt að vera duglegar að taka þátt í mótum þar sem okkur finnst svo skemmtilegt að spila blak og hitta aðra blakara. Í vetur fórum við með tvö lið á öll mót sem við tókum þátt í. Hraðmót HSK var haldið á Hellu fyrir áramót og fyrri umferð Héraðsmóts HSK fór fram á Laugarvatni. Eftir áramót tókum við þátt í skemmtimótinu HK Trimm í Kópavogi og Þorramóti Aftureldingar í Mosfellsbæ. Seinni umferð Héraðsmótsins var svo spiluð í Hveragerði. Okkur hefur gengið vel á mótum í vetur og sjáum við alltaf framfarir og bætingu hjá báðum liðum. Hérna kemur smá samantekt frá þessum mótum og hvernig liðunum gekk.

Hraðmót HSK fór fram á Hellu í byrjun október og mættum við með tvö lið. Hrun 1 lenti í 4. sæti og Hrun 2 í 7. sæti.

10. janúar var farið á HK Trimm með tvö blönduð lið. Hrun 1 spilaði deild 4a og lenti í 3. sæti og Hrun2 í deild 4b og lenti í 2. sæti.

14. febrúar var farið á Þorramót Aftureldingar með tvö lið. Hrun 1 spilaði í 5. deild og unnu þær alla sína leiki og lentu í 1. sæti. Hrun 2 spilaði í 6. deild og lentu þær í 2. sæti.

Á Héraðsmóti HSK (spilað í sept. og feb.) spiluðu bæði liðin, Hrun 1 og Hrun 2 í 2. deild. Hrun 2 lenti í 3. sæti og Hrun1 í 1. sæti og fer því upp í 1.deild. Glæsilegt!

Framundan er Kjörismót Hamars sem verður á Selfossi 18. apríl og svo er Öldungamótið 30. apríl – 2. maí á Neskaupstað. Búið er að skrá tvö lið til leiks og taka á leigu hús þannig framundan er enn meira blak og mikil skemmtun.

Í vetur höfum við líka tvisvar heimsótt önnur lið á æfingu, Laugdælur á Laugarvatn og Dímon/Heklu á Hellu. Okkur hlakkar mikið til þegar búið er að stækka íþróttahúsið svo hægt sé að spila á tveimur völlum í einu á æfingum og við getum farið að bjóða öðrum liðum til okkar og jafnvel halda mót.

Stjórnin

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 27.mars 2015**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímarpantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur





Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Pórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar

Lestrarstund er gæðastund ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípu- og Lagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
BREYTTUR OPNUNARTÍMI
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
LAUGARDAGA 11-13



Hár-Hrun

Klippi í Félagshemili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Atvinna! Hrunamannahreppur
Starfsmann vantar í afleysingar á komandi sumri.
Um er að ræða aðstoð í vinnuskóla og ýmis fleiri
tilfallandi störf
Upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 480 6600 og á
skrifstofunni.



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind frá landnámi

Hrunakirkja 150 ára:

Framkvæmdir og fjölbreyttir viðburðir á afmælisári

Á þessu ári, 2015, verður haldið upp á 150 ára afmæli Hrunakirkju en hún var vígð á fyrsta sunnudegi í aðventu árið 1865. Kirkjan er byggð úr járnvörðu timbri og tekur um 200 manns í sæti. Altaristaflan sem sýnir síðustu kvöldmáltíðina er meðal margra góðra gripa kirkjunnar. Hönnuður kirkjunnar var Rögnvaldur Ólafsson arkitekt og yfirsmiður Sigfús snikkari Guðmundsson. Hrunakirkja var friðuð árið 1990.

Sérstök afmælisnefnd var skipuð af sóknarnefnd kirkjunnar til að undirbúa afmælið. Í henni eiga sæti Marta E. Hjaltadóttir, Helgi Jóhannesson, Guðrún Sveinsdóttir, Magga S. Brynjólfsdóttir og sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson. Ákveðið hefur verið að efna til nokkurra viðburða á árinu í tilefni afmælisins og er þeim fyrsta lokið. Viðburðirnir eru sem hér segir:

1. mars: Messa unga fólksins kl. 11. Ungt fólk úr prestakallinu bar uppi messuna í tali og tónum. Nemendur úr 10. bekk Flúðaskóla ræddu um viðhorf til unglinga í samfélaginu, skoðanir sínar á aðbúnaði eldra fólks og hvernig þau vilja hafa starfið í kirkjunni sinni. Þá var sýnd á breiðtjaldi ný og stórskemmtileg uppfærsla á Dansinum í Hruna, byggð á handriti nemenda úr 10. bekk. Nemendur úr 9. og 10. bekk Flúðaskóla spiluðu á hljóðfæri í messunni og sungu einsöng en auk þess var leikið undir sálmasöng í lokin. Umsjón með tónlistinni höfðu kennarar Tónsmíðjunnar.

7. júní: 1865-messa kl. 14. Hátíðarmessa þar sem fylgt verður messuforminu frá 1865 og sálma valið mun líka taka mið af því. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup, þjónar ásamt sóknarpresti. Fólk hvatt til að koma í þjóðlegum klæðum til messu og ríðandi þeir sem geta.

5. september: Uppskeruhátíð kl. 11. Hefst með fjölskylduguðsþjónustu en síðan munu börn og fullorðnir etja kappi í leikjum á túninu við kirkjuna. Boðið verður upp á grillaðar pylsur og svaladrykk.

29. nóvember: Hátíðarmessa kl. 14 á fyrsta sunnudegi í aðventu. Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, prédikar. Afmælis dagskrá og kaffi í félagsheimilinu á Flúðum á eftir.

Í tilefni afmælisins hefur verið ákveðið að opna sérstakan afmælisreikning sem er hugsaður fyrir vini og velunnara Hrunakirkju til að styðja við þau verkefni sem ætlunin er að ráðast í á árinu. Fyrst má þar nefna heilmiklar framkvæmdir við kirkjugarðinn, þ.e. að byggja upp grjóthlaðinn kirkjugarðsvegg að hluta í kringum garðinn. Þá er stefnt að því að koma fyrir veglegu upplýsingaskilti við kirkjuna þar sem saga kirkjunnar og Hrunastaðar er rakin í texta og myndum. Að síðustu er vert að minna á viðburðina í tengslum við afmælisárið sem augljóslega munu hafa einhver útgjöld í för með sér og því eru öll framlög inn á afmælisreikninginn vel þegin. **Afmælisreikningurinn er: 0325-22-000733**

Kt.640169-2229.

Þá vill afmælisnefndin gjarnan heyra frásagnir fólks af eftirminnilegum viðburðum eða augnablikum tengdum Hrunakirkju í gegnum tíðina. Hægt er að hafa samband við sr. Óskar í s. 856-1572 eða í gegnum netfangið oskar@hruni.is.

Afmælisnefndin hvetur sóknarbörn sem og alla velunnara og vini kirkjunnar að taka þátt í viðburðum á afmælisárinu.

Sjáumst í Hrunakirkju árið 2015 – allir velkomnir!


Afmælisnefndin

Mér barst í hendur eintak af tímaritinu Heima er best frá árinu 2013. Þar er grein eftir Sigurð Hreiðar Hreiðarsson sem hann nefnir örnefnaflakk og fleiri vangaveltur um kennileiti. Sigurður skrifar. Um tíma var ég í mægðum við Sigurjón Guðnason frá Jaðri í Hrunamannahreppi og þegar ég fór að velta svona nafnarugli fyrir mér minntist ég þess að hafa heyrt hann tilgreindan sem höfund að Flúðanafninu. Fór ég því í heimsókn til hans þar sem hann dvelur nú á Sóltúni í Reykjavík og bað hann að segja mér frá því hvernig þetta bar til. Honum sagðist svo frá að árið 1929, þegar hann var 11 ára, var tekinn í notkun nýbyggður barnaskóli og barnafræðslan flutt þangað, en hafði áður verið farskóli. Barnaskóla Hrunamannahrepps var valin staður nokkuð miðsvæðis, við Hellisholtalæk. Eitthvað bar á því að fólk þótti óþjálta og langt að tala um Barnaskóla Hrunamannahrepps. Tilvitnun líkur. Hann segir að í umræðum kennara og nemanda um nafn á skólann hafi Sigurjón stungið upp á nafninu Flúðaskóli eftir flúðunum í Hellisholtalæk. Um framgang málsins mundi Sigurjón ekki. En eins og flestir vita var nafnið Flúðaskóli valið í samkeppni um nafn á skólann. Nafnið Flúðir festist svo við þéttbýliskjarnann sem myndast hefur í kringum Flúðaskóla í landi Hrunamannahrepps.

Guðrún Guðnadóttir frá Jaðri sagði mér frá samtali sem Snorri sonur Sigurjóns hefði átt við Jóhann Einarsson Efra-Langholti, en hann var skólabróðir Sigurjóns. Hann sagði að Sigurjón hefði verið yfirsniður að göngubru sem byggð hafi verið yfir lækinn og svo hafi hann líka verið höfundur að nafninu Flúðaskóli.

Með þessum upplýsingum tel ég fullsannað hver var höfundur að nafninu Flúðaskóli.

Karl Gunnlaugsson.



Sigurjón Guðnason málmsteypumaður var sá sem fyrstur stakk upp á nafninu Flúðir, um þann kjarna sem í lok þriðja áratugar liðinnar aldar var að myndast í spildu úr landi Hellisholta í Hrunamannahreppi. Þar var þá risið samkomuhús sveitarinnar og barnaskóli, en fólk þótti óþjálta að tala um Barnaskóla Hrunamannahrepps. Í spjalli kennara og nemenda í skólanum varð Sigurjóni litið út um glugga, á flúðirnar fyrir utan, og þar með var nafnið komið.



Myndin er tekin úr nefndri grein.



Fréttir frá Landgræðslufélagi Hrunamanna. Árið 2014 var frekar annasamt hjá félaginu. Lokið var við vinnu við merki fyrir félagið en það hannaði Ingvar Jónsson í samstarfi við stjórnina. Árleg landgræðsluferð var farin 10. júní og gekk vel að dreifa 15 tonnum af áburði með vélum og 2,2 tonn með höndum ásamt 400 kg af fræjum. Grillveisla var í Svínárnesi að verki loknu og tóku 39 manns þátt í ferðinni og kunnum við þeim okkar bestu þakkir. Síðastliðið

haust tók svo við vinna við gerð nýrrar landbótaáætlunar í samstarfi við Landbúnaðarnefndina. Ný áætlun var send inn í desember. Tók þá við spennandi biðtími eftir athugasemdum sem komu og voru flestar léttvægar en mest vinna fór í að hanna ný kort af landgræðslusvæðum en Sigurður H. Magnússon tók þá vinnu að sér og skilaði með sóma. Nú bíðum við eftir að MAST samþykki áætlunina. Sótt var um styrk til Landbótasjóðs og fengum við góðan styrk sem nýttist til áburðar og frækaupa í sumar en þá verða keypt 19,8 tonn af áburði. Við stefnum á að fara í okkar árlegu uppgræðsluferð laugardaginn 13. júní 2015 ef færð og verður leyfa. Endilega setjið það í dagbókina ykkar. Allir eru velkomir í þessa ferð.

Stjórn félagsins: Esther, Jóhanna B., Sigurður H., Samúel U., Eiríkur.
Hér eru nokkrar myndir sem sýna vel árangur af uppgræðslustarfinu.



**Þorsteinshöfði
Langatorfa**

15. ágúst 1995



**Þorsteinshöfði
Langatorfa**

17. ágúst 2014



Stóraver

9. júlí 1992



Stóraver

17. ágúst 2014



Nautgriparæktarfélag Hrunamanna

Aðalfundur nautgriparæktarfélags Hrunamanna var haldinn 18. febrúar síðastliðin. Eins og alltaf veitir félagið viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í nautgriparækt. Að þessu sinni fengu þessi bú viðurkenningu

Afurðahæsta búíð m.v. verðefni: Hrepphólar – 6.987 kg mjólk – 521 kg MFP

Afurðahæsta kýrin: Styttta 336, Kotlaugum – 12.700 kg mjólk

Ræktunarbú ársins: Hrafnkelsstaðir 3 – 6.330 kg mjólk – 459 kg MFP – 70 kg aukn. í MFP milli ára

Efnilegasta kvigan: Viðbót 314, Núpstúni – 296 stig

Mjög efnileg kvíga, ber 1. kálfi 28 mánaða, 86,9 stig í útlitsdóm, 122 í afurðaeinkunn

Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu naut áraganganna 2005 og 2006 sem voru Birtingur2005 frá Birtingarholti og Koli 2006 frá Sólheimum.

Á myndini eru talið frá vinstri Páll Núpstúni, Sigurjón Kotlaugum, 'Olafur Hrepphólum Jóhann Sólheimum, Ragnar Birtingaholti Aðalsteinn Hrafnkelsstöðum og að lokum Guðmundur Jóhannsson okkar sérlegur ráðgjafi í nautgriparækt Stjórnin



Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

í samstarfi við



Uppsveitadeildin 2015 heldur áfram. Næsta keppni er fimmgangur sem verður haldin föstudaginn 20. mars kl. 19:45. Forkeppnin hefst kl. 20:00.

Staða efstu knapa er þessi:

- | | |
|-----------------------------------|----|
| 1. Arnar Bjarki Sigurðarson. | 24 |
| 2. Bjarni Bjarnason. | 23 |
| 3. Hulda Finnisdóttir. | 22 |
| 4. Sólon Morthens. | 21 |
| 5. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir. | 20 |
| 6. Birna Káradóttir. | 19 |
| 7. Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson. | 18 |
| 8. Finnur Jóhannesson. | 17 |
| 9. Árný Oddbjörg Oddsdóttir. | 16 |

Staða liðakeppninnar er þessi:

- | | |
|-----------------------|------------|
| Hrosshagi/Sunnuhvoll. | 61 stig. |
| Þórisjöttnar. | 54 stig. |
| Gamli og guttarnir. | 41,5 stig. |
| Arion banka liðið. | 38,5 stig. |
| Landstólpi. | 36 stig. |
| Forsæti. | 24,5 stig. |
| Jáverk. | 22,5 stig. |
| Kílhraun. | 22 stig. |



Við á Grund, gisti- og veitingahúsi,
viljum þakka ykkur sveitungar okkar,
fyrir ánægjulega stund á Hjónaballinu.

Bestu kveðjur,
Helga og Sverrir



Opnunartími okkar er
alla daga kl. 11:30 - 21:00.



Feringamyndatökur

Býð upp á feringamyndatökur núna í vor

Kíktu við og skoðaðu það
sem ég hef upp á að bjóða.

www.ivalsaeland.is

Ívar Sæland ljósmyndari
Sími 863-5231
ivar@ivalsaeland.is





Flóðum, Hrunamannahreppi,
Sími: 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is



Leikskólafréttir

Í vetur er margt búið að bralla, við höfum lagt mikla áherslu á leikinn og sjáum miklar framfarir í leikjum barnanna. Starfið okkar í vetur hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt. Við förum reglulega í útíkennslu, tónlist, myndlist og íþróttahúsið. Farið hefur verið í Haukadalsskóg, Þjóðminjasafnið og Listasafn Íslands. Okkur var boðið í Slakka í september og á Kaffi-Sel á Öskudaginn. Nánasta umhverfi leikskólans hefur verið rannsakað og nýtt til kennslu og leiks. Við höfum farið og skoðað í fyrirtæki í sveitinni okkar og alltaf er tekið vel á móti okkur og starfsemin kynnt.

Á Heiðarkoti var vísindavika sem heppnaðist mjög vel og er planið að halda fleiri slíkar. Á Móakoti var sjósettur bátur á Litlu-Laxá sem sló heldur betur í gegn. Á Skógarkoti hefur endurnýting verið stór þáttur í bættu leikumhverfi og hefur tekist vel til. Kerlinga- og Karladagur voru skemmtilegir dagar og alltaf gaman að sjá hversu



margir gefa sér tíma til að heimsækja börnin og taka þátt í þeirra starfi. Í Febrúar vorum við með myndlistasýningu í búðinni og var það í sjöunda skiptið sem hún er haldin í tengslum við Dag leikskólans. En þetta er aðeins brotabrot af flotta starfi okkar hér í leikskólanum. Hægt er að fylgjast með okkur bæði á heimasíðu leikskólans og á facebook. Við gerðum breytinga á hádegismatnum og nú velja börn frá 2ja ára aldri sér sjálf af hlaðborði. Það borða ekki öll börn í einu og er svokallað flæði í húsinu bæði í hádegismat og kaffi. Þessi breyting hefur gefist alveg frábærlega. Núna í mars fer fram ytramat á leikskólanum á vegum námsmatsstofnunar tveir matsmenn verða hér í leikskólanum í þrjá daga fylgjast með starfinu og taka viðtöl við, slembiúrtök úr starfsmannahópnum, foreldrahópnum og elstu börnum leikskólans.

Með kveðju allir í leikskólanum Undralandi.



Kæru hjónaballsgestir,
hjónaballsnefnd 2015 þakkar ykkur fyrir gott hjónaball :)
hér eru vísurnar sem fluttar voru þetta árið og nöfn nefndarmanna hjónaballs 2016
bestu kveðjur, nefndin.

(Sungið við lagið)

Það liggur svo makalaust ljómandá mér...

Já Karl bóndi í Skipholti skotmaður er
Hann ætlað að fækka þá fuglum hjá sér

Það fór ekki betur en brotnaði gler

Í helvítis traktornum heima hjá sér

Um áramót Beni var skotgláður gaur

Á kantinum Grétar þá taldi sinn aur

bændur í hverfinu kíktu í fjós

Ög töldu í vari að tæma úr dós

(viðlag)

Hey! Hreppamenn, Hreppamenn gleðjumst
í kvöld

Nú sláum við metið á þessari öld

Förum kát heim og við skellum í geim

Því fjölga þarf blessuðum börnunum þeim!

Til fjallferðar fóru allmargir í ár

Mátti þá greina á hvarminum tár

Því stjórninni Bakkusi bolaði burt

Ög þótti það fjallmönnum helvíti þurrt

Hestaferð fóru í Hallarmúlann

Ferðin var lengri en grunaði mann

Gleðin og kvæðin þau sungu í kross

Í heimreið þá vantaði þónokkur hross

Í vetur þá viðraði illa um stund

Grunnskólinn lokaði eftir einn fund

Undralandsdömur þá fóru í stakk

Því börnin þau ski_ildu komast á flakk

Þá grunsemdir fóru að færast í vöxt

Hvort konan þá væri hjá póstinum löxt

Því pakkarnir hru_undu heim á gólf

Hann notaði barnana flokkunarhólf

(viðlag)

Hey! Hreppamenn, Hreppamenn

gleðjumst í kvöld

Nú sláum við metið á þessari öld

Förum kát heim og við skellum í geim

Því fjölga þarf blessuðum börnunum þeim!

(hérna óklárað uppkast!)

Hjónaballsnefnd 2016 . Marta og Þór Kópsvatni, formenn

Sigríður og Þorkell, Ásastíg 10a,

Svava og Bogi Pétur, Birtingaholti,

Arna Þöll og Þorsteinn, Syðra-Langholti,

Hulda Hrönn og Halldór, Hrepphólum,

Guðbjörg og Jón, Vesturbrún 21,

Ólöf Guðnadóttir, Götu,

Einar Jónsson, Reykjabakka.

Silke og Stefán, Skyggni

Ævar Agnarsson, Ísabakka,

Guðbjörg Runólfsdóttir, Jörfa,

VÖRÐUKÓRINN

Vörðukórinn verður með tónleika í Skálholti
miðvikudaginn

1. apríl n.k. Kl: 20:30.

Tónleikarnir verða nánar
auglýstir síðar.

Vörðukórinn



Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Lokað er á föstudaginn langa og páskadag.

2, 6 og 23 apríl (sumardagurinn fyrsti)

er opið frá 12:00-18:00.

Þessi mynd barst á „ritstjórnarskrifstofu“

Pésans;)

Hvar og hvenær er myndin tekin?





Smárafréttir

MARS 2015



Úrslit frá fyrsta vetrarmóti 14 febrúar 2015

1. Flokkur

Aðalheiður Einarsdóttir/Rökkva frá Reykjum
Þorsteinn G. Þorsteinsson/Förðun frá Hólavatni
Helgi Kjartansson/Topar frá Hvammi 1
Berglind Ágústsdóttir/Ísadór frá Efra-Langholti
Erna Óðinssóttir/Þöll frá Hvammi 1
Jón William Bjarkason/Muggur frá Fossi
Hulda Hrönn Stefánsdóttir/Gyðja frá Hrepphólum
Grimur Guðmundsson/Hvinur frá Ásatúni
Guðbjörg Jóhannsdóttir/Teigur frá Ásatúni

2. Flokkur

Sigfús Guðmundsson/Vonarneisti frá V-Geldingaholti
Rosemarie B. Þorleifsdóttir/Hetja frá V-Geldingaholti
Hörður Úlfarsson/Fluga frá Auðsholti
Ása María Ásgeirsdóttir/Tilvera frá Þorkelshóli

Ungmennaflokkur

Hrafnhildur Magnúsdóttir/Eyvör frá Blesastöðum 1a
Sigurbjörg Bára Björnsdóttir/Fagriblakkur frá
Vorsabæ II

Unglingaflokkur

Hekla Salóme Magnúsdóttir/Tinna frá Blesastöðum
Viktor Máni Sigurðsson/Sóley frá Syðri-Hofdölum
Helgi Valdimar Sigurðsson/Hugnir frá Skollagróf

Barnaflokkur

Þórey Þula Helgadóttir/Kraki frá Hvamm 1
Guðrún Hulda Hauksdóttir/Snilld frá Hrepphólum
Jón Valgeir Ragnarsson/Þyrnir frá Garði

Ungrossaflokkur

Viktor Máni Sigurðsson/Skrúður frá Kaldbak





MINNUM Á ANNAÐ VETRARMÓT SEM VERÐUR 14
MARS OG ÞAÐ ÞRIÐJA SEM VERÐUR ÞANN 25 APRÍL.

SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA LOGA OG TRAUSTA

verður haldið í reiðhöllinni á Flúðum **1 APRÍL** Takið daginn frá og ekki gleyma að skrá ykkur og vera með á þessu skemmtilega móti. **NÁNAR AUGLÝST Á facebook og www.smari.is**

FYRIRHUGAÐ er að halda ístölt í mars/apríl. Ef tækifæri gefst út frá veðri og aðstæðum ætlum við að skella á ístölti og gæti það gerst með fárra daga fyrirvara. Fylgist því vel með á facebook síðu Smára og www.smari.is Ef þið lumið á ákjósanlegu svelli megið þið endilega hafa samband við einhvern úr stjórninni.

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SMÁRI fagnaði 70 ára afmæli nú á dögnum eða 1 mars. Var það stofnað 1945 og er með fjölmennustu og elstu hestamannafélögum landsins. Fyrirhugað er að halda upp á þennan merka áfanga síðar á þessu ári. Nánar auglýst síðar.

20 MARS

UPPSVEITDAEILD FIMMGANGUR

17 APRÍL

UPPSVEITAEILD TÖLT/SKEIÐ

11 APRÍL

UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

9 MAÍ UPPSVEITDEILD ÆSKUNNAR



1 MAÍ FIRMAKEPPNI

FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Hæ krakkar!

Nú er reiðnámskeiðið með Gunnu og undirbúningur fyrir Uppsveitadeild Æskunnar í fullum gangi og fyrsta mótið í Uppsveitadeild var haldið þann 7.mars. Hér koma úrslitin



Þrígangur - Barnaflokkur

A-úrslit

1	Aron Ernir Ragnarsson	Hera frá Efra-Langholti	Smári 5,67
2	Hjörtur Snær Halldórsson	Gyðja frá Hrepphólum	Smári 5,17
3	Laufey Ósk Grímsdóttir	Aldís frá Ásatúni	Smári 5,06
4	Þórey Þula Helgadóttir	Kraki frá Hvammi I	Smári 4,83
5	Þorvaldur Logi Einarsson	Brúður frá Syðra-Skörðugili	Smári 4,56

B-úrslit

1	Hjörtur Snær Halldórsson	Gyðja frá Hrepphólum	Smári 5,33
2	Valdimar Örn Ingvarsson	Prins frá Fjalli 2	Smári 4,94
3	Sigurinn María Sigurðardóttir	Hrafnfaxi frá Kílhrauni	Smári 4,44

Fjórgangur - Unglingaflokkur

A-úrslit

1	Sölvi Freyr Freyðisarson	Gæi frá Svalbarðseyri	Logi 6,70
2	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Djásn frá Lambanesi	Logi 6,17
3	Karitas Ármann	Blökk frá Þjóðólfsþaga 1	Logi 5,63
4	Eva María Larsen	Prins frá Fellskoti	Logi 5,33
5	Helgi Valdimar Sigurðsson	Hugnir frá Skollagróf	Smári 5,30

B-úrslit

1	Eva María Larsen	Prins frá Fellskoti	Logi 5,37
2	Einar Ágúst Ingvarsson	Hringur frá Húsatóftum 2	Smári 5,10
3	Viktor Máni Sigurðsson	Sóley frá Syðri-Hofdölum	Smári 4,27
4	Hanna Winter	Freyðis frá Röðli	Smári 4,54

Innilega til hamingju með frábæran árangur krakkar



Jafnframt viljum við strax minna á næsta mót þann **11.apríl** þegar keppt verður í fjórgangi og tölt barna og fimmgangi og tölt unglina! Endilega mætið á mótin og klappið fyrir þessum flottum knöpum okkar!

Um miðjan apríl munum við svo bjóða upp á "reiðskóla" á mánudögum í reiðhöllinni. Þessi reiðskóli hentar vönum sem óvönum og verður hægt að fá trausta hesta lánaða. Reiðskólinn verður auglýstur betur þegar nær dregur.



Vinsamlegast verið dugleg að fylgjast með tilkynningum frá Æskulýðsnefndinni á Facebooksíðu "Smárakrakkar"! Gjarnan megið þið senda okkur línu ef þið hafið sérstakar óskir varðandi námskeið, skemmtiferðir, fræðslu eða annað!

Kærar kveðjur, Æskulýðsnefnd Smára

Nemendafélag
Fjölbrautaskóla Suðurlands kynnir:

Gengið á Hælinu

e. Júlíus Júlíusson - Leikstjórn: Hafsteinn Thor

SÝNINGATÍMAR

10. mars (FSU) kl. 20.00

14. mars powersýning (FSU) kl. 20.00

21. mars (Borgarnes) kl. 20.00

27. mars (Flúðir) kl. 20.00

29. mars (FSU) Lokasýning kl. 20.00

Miðapantarnir í síma 6947285 eða helgihjalta@gmail.com